

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2021

frá 19. mars 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1559 frá 26. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1820 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað þurrkaða einfrumþörunga af tegundinni *Euglena gracilis* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1821 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað útdrátt úr *Panax notoginseng* og *Astragalus membranaceus* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1822 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað lífmassa, sem inniheldur króm, úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1993 frá 4. desember 2020 um leyfi til að setja á markað lífmassa, sem inniheldur selen, úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 357, 27.10.2020, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 39.

(ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.

- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki eiga við að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

- „– **32020 R 1559**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1559 frá 26. október 2020 (Stjtið. ESB L 357, 27.10.2020, bls. 7),
- **32020 R 1820**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1820 frá 2. desember 2020 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 29),
- **32020 R 1821**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1821 frá 2. desember 2020 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 34),
- **32020 R 1822**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1822 frá 2. desember 2020 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 39),
- **32020 R 1993**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1993 frá 4. desember 2020 (Stjtið. ESB L 410, 7.12.2020, bls. 62).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 182. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1163):

- „183. **32020 R 1820**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1820 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað þurrkaða einfrumþörungna af tegundinni *Euglena gracilis* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 410, 7.12.2020, bls. 62.

um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 29).

184. **32020 R 1821:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1821 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað útdrátt úr *Panax notoginseng* og *Astragalus membranaceus* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 34).
185. **32020 R 1822:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1822 frá 2. desember 2020 um leyfi til að setja á markað lífmassa, sem inniheldur króm, úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 39).
186. **32020 R 1993:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1993 frá 4. desember 2020 um leyfi til að setja á markað lífmassa, sem inniheldur selen, úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 410, 7.12.2020, bls. 62).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/1559, (ESB) 2020/1820, (ESB) 2020/1821, (ESB) 2020/1822 og (ESB) 2020/1993, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING